



Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu  
Stjórnarfundur 25. janúar 2011, kl. 15:10

---

Dagskrá:

1. Fjármál BAH
2. Staðan á Brunavarnaráætlun
3. Eldvarnareftirlit
4. Ný lög um brunavarnir og Mannvirkjastofnun
5. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Farið yfir stöðuna á fjárhagsáætlun 2010. Launakostnaður var hærri á síðasta ári þar sem útköll voru mun fleiri en gert var ráð fyrir. Þar á móti eru tekjur síðasta árs hærri í seldri vöru og þjónustu. Fjárhagsáætlun fyrir 2011 verður skoðuð aftur í maí.
2. Slökkviliðsstjóri upplýsti stjórn um að verið sé að vinna í endurskoðun brunavarnaáætlunar 2005-2010 og skal gerð nýrrar áætlunar vera lokið í árslok 2011.
3. Slökkviliðsstjóri upplýsti stjórn um stöðu í eldvarnareftirlitsmálum í sveitum. Lögð er áhersla á áframhaldandi vinnu þar.
4. Slökkviliðsstjóri kynnti fyrir stjórn ný lög um brunavarnir og breytingar á Brunamálastofnun sem í dag heitir Mannvirkjastofnun. Slökkviliðsstjóri upplýsti stjórn um breytt lög um brunavarnir þar sem fram kemur að það sé skylda slökkviliða að sjá um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
5. Önnur mál:  
Bílamál: Vegna fyrirhugaðara kaupa á mannflutninga- og tækjabifreiðar, sem rætt var á síðasta fundi stjórnar hafa forsendur breyst og því fallið frá þeim hugmyndum í bili.  
Starfsmannamál: Búið er að leggja fram ráðningasamning fyrir alla hlutastarfandi slökkviliðsmenn í samræmi við ákvæði í kjarasamning LN og LSS sem samþykktur var á síðasta ári.

Fundargerð upplesin og samþykkt  
Fundi slitið klukkan 16:20

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)  
Magnús Sigurðsson (sign)  
Magnús Valur Ómarsson (sign)

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)